

Alþingi
Erindi nr. P 130/900
komudagur: 29.1.2004



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Menntamálanefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 26. janúar 2004
Tilvísun: DKM03120205/000/HZ/--

Ráðuneytið telur afar brýnt að fram fari ítarlegt kostnaðarmat, ef gera á íslensku táknmáli jafnhátt undir höfði og íslensku máli. Fyrirsjáanlega mun umtalsverður kostnaður hljótask af aukinni túlkunarþjónustu m.a. í refsivörslukerfinu, þar sem mælt er fyrir um kennslu í íslensku táknmáli fyrir fangaverði og starfsmenn fangelsa, o.fl. í frumvörpunum.

Í góðri samvinnu við Félag heyrnarlausra hafa verið mótaðar reglur fyrir lögreglu, sem hún ber að hafa í huga í tengslum við handtökuaðgerðir þar sem heyrnarlausir kunna að eiga hlut að máli.

Þá hafa tveir heyrnarlausir fangar verið í fangelsum landsins á síðastliðnum áratug. Lausn var fundin á samskiptum þeirra, en Félag heyrnarlausra taldi hana ganga of skammt og var ekki sátt við það fyrirkomulag. Þar sem langt getur liðið á milli þess að heyrnarlaus dómþoli verður vistaður í fangelsi, telur ráðuneytið of í lagt að hafa ávallt starfandi fangaverði sem hafa lært táknmál, og þá væntanlega í öllum fangelsunum, þar sem óvíst er fyrirfram hvar fangi verður vistaður.

Þá má geta þess að nú stendur yfir endurskoðun á norræna tungumálasamningnum. Ákveðið hefur verið að fjölga tungumálum samkvæmt honum þannig að hann nái einnig yfir færeysku, grænlensku og samísku. Til alvarlegrar athugunar er að tryggja rétt táknaðsnotenda með því að láta samninginn einnig ná yfir táknað, og verður það álitafni til lykta leitt á þessu vori.

Eins og að framan er getið þarf að fara fram kostnaðargreining, þannig að ljóst verði hvaða kostnaður muni hljótask af frumvörpunum ef þau verða að lögum, svo að unnt verði að fá upplýsingar um hvaða fjárheimildir þurfi til að mæta slíkum útgjöldum.

F. h. r.

Ragna Arnadóttir